

Fundargerð

Aðalfundur Bergrisans bs. haldinn í Ráðhúsi Árborgar á Selfossi, 3. hæð
þann 18. janúar 2019 kl. 10:00

Mætt: Sjá meðfylgjandi þátttökulista.

Dagskrá:

1. Setning

Gísli Halldórsson formaður býður fundarmenn velkomna og kynnir dagskrá. Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. Formaður stjórnar fundi og ritari stjórnar Sandra Brá Jóhannsdóttir ritar fundargerð.

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019

Fjármálastjóri Árborgar fer yfir fjárhagsáætlun 2019.

	Áætlun 2018	Útkomuspá 2018	Áætlun 2019
Samningur við Árborg	22.333.000	21.000.000	23.617.000
Greiðslur til Vinakots	0	87.442.800	14.573.800
VISS útibú á Flúðum	0	0	6.280.000
Þjónustueiningar á Selfossi :			
Vallholt 9	84.474.000	91.806.000	95.077.000
Vallholt 12-14	87.714.000	87.714.000	90.143.000
Þjónustumiðstöð Álftarima	143.233.000	149.100.000	151.011.000
VISS Selfossi	82.363.000	81.000.000	85.624.000
Búsetuúrræði fyrir börn	0	0	54.833.000
Lengd viðvera fyrir framhaldsskólanema	0	0	7.099.000
Þjónustueiningar í Þorlákshöfn :			
VISS Þorlákshöfn	21.150.000	22.010.000	22.464.000
Selvogsbraut	82.592.000	99.509.000	90.970.000
Þjónustueining í Hveragerði :			
Birkimörk	97.313.000	98.000.000	100.229.000
Sérúrræði í Hveragerði	10.610.000	0	0
Sjálfstæðir þjónustuaðilar :			
Breiðabólssstaður	84.863.751	84.863.748	36.261.000
Kerlingardalur	18.295.118	37.850.232	15.771.000
Sólheimar	459.719.344	504.719.344	528.359.000
Skaftholt	98.966.000	98.995.728	98.966.000
Stuðningsfjölskyldur :			
Árborg	5.000.000	6.600.000	5.550.000
Árnesþing	2.785.000	3.807.000	3.807.000
Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla	2.530.000	2.530.000	2.530.000
Félagsþjónustur :			
Árborg	13.790.000	13.255.000	14.041.000
Árnesþing	7.492.000	7.492.000	7.400.000
Rangárvalla og V-Skaftafellssýsla	8.056.500	8.056.500	8.820.500
Kaup á Vallholti 27 - búsetuúrræði fyrir börn	0	19.632.100	29.000.000
Áætlaður kostnaður Bergrisans	1.333.279.713	1.525.383.452	1.492.426.300
Áætlaðar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	1.068.906.000	1.274.260.000	1.274.260.000
Áætlaðar greiðslur til Bergrisans v/útsvar	215.160.000	215.160.000	235.680.000
Áætluð fjárförf í málaflökknum	49.213.713	35.963.452	-17.513.700

Gert ráð fyrir 17,1 millj.kr afgang m.v. að Jöfnunarsjóður standi við að greiða að lágmarki sömu fjárhæð árið 2019 og var greitt 2018. Útgefin fjárhæð er hins vegar 110 millj.kr lægra. Fjárhagsáætlun 2019 er samþykkt samhljóða.

- 3. Kosning þriggja aðalmanna og þriggja varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til eins árs. Einn stjórnarmaður komi af hverju þjónustuvæði og stjórnin skiptir með sér verkum.**

Formaður leggur til að stjórn verði óbreytt frá aukaaðalfundi.

Aðalmaður:

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Árborg

Aldís Hafsteinsdóttir

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Til vara:

Eggert Valur Guðmundsson

Eydís Þ. Indriðadóttir

Ásta Begga Ólafsdóttir

Samþykkt samhljóða.

- 4. Ráðning endurskoðanda.**
Stjórn leggur til að Ólafur Gestsson verði endurskoðandi Bergrisans bs. Samþykkt samhljóða.
- 5. Umfjöllun um breytingar á samþykktum Bergrisans – ef slíkar tillögur koma fram með sjö daga fyrirvara.**
Engar breytingartillögur bárust.

6. Samstarfssamningur um rekstur Sólheima

Formaður fer yfir tillögu að grunni að auglýsingu Ríkiskaupa á samningi Bergrisans bs. vegna Sólheima. Að frumkvæði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins stendur fyrir dyrum að Ríkiskaup auglýsi á Evrópska efnahagssvæðinu að til standi að gera nýjan þjónustusamning um rekstur Sólheima. Hermann Sæmundsson hefur lagt fram rammatillögu um það hvernig málum gæti verið háttað með samstarf ríkis og sveitarfélaga um Sólheima.

Eftirfarandi texti er frá Ríkiskaupum og er tillaga til aðalfundar að unnið verði á þessum grunni.

Grunnurinn að svokallaðri RFI auglýsingu er þessi:

- 1 Aðildarsveitarfélög Bergrisans bs (hér eftir Bergrisinn) hafa til þessa keypt þjónustu fyrir fatlaða af Sólheimum ses.
- 2 Bergrisinn þarf framvegis að kaupa þjónustuna með þeim hætti að það samrýmist
 - a. nýlega breyttum lögum um opinber innkaup.
 - b. lögum um málefni fatlaðs fólks.
 - c. framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.
 - d. samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

- 7. Þjónustusamningur Bergrisans bs. við sveitarfélögin lagður fram til samþykktar. Vorfundur 2016 samþykkti að samningurinn gildi út árið 2018 og þarfnast hann því endurnýjunar núna.**

Stjórn leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á þjónustusamningi Bergrisans bs. við sveitarfélögin;

1. Forsendur

Tillaga að nýju orðalagi: „Samningurinn er í samræmi við lög nr.38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.“

(í stað vísun í lög nr. 59/1992 sem eru fallin úr gildi)

3. Þjónustusvæði Suðurlands

önnur málsgrein

Tillaga að nýju orðalagi: „Sá sem metinn er í metinn í mestri þörf fyrir búsetuþjónustu á heimili með sólarhringsþjónustu.“

(í stað núverandi texta búsetuþjónustu á sambýlum)

4. Stjórn byggðasamlagsins

4.3. Tillaga að nýjum punkti: „Fulltrúar sveitarfélaganna í samráðshópi Bergrisans um málefni fatlaðs fólks, sbr. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, eru þeir sömu og kjörnir eru í stjórn Bergrisans. Hagsmunasamtök fatlaðs fólks skulu á móti skipa þrjá fulltrúa í hópinn.“

(Hér þarf að bæta við í samræmi við 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga en þar segir: „Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um þjónustu við fatlað fólk, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist samráðshópur um málefni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrjár fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjár fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skulu viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins.“)

5. Þjónusturáð

5.5.

Lagt er til að liður 5.5. falli út

(Spurning hvort þessi liður verði felldur út þar sem að búið er að fela stjórn Bergrisans að vera fulltrúar sveitarfélaga í samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.

Liður 5.5. var svohljóðandi: Heimilt er að bjóða hagsmunaaðilum setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti, þó ekki þegar fjallað er um málefni einstaklinga.)

6. Verkefni og rekstrareiningar

6.1.2.

Tillaga að nýju orðalagi: „Rekstur heimila með sólarhringsþjónustu, þjónustu- og íbúðakjarna.“

(í stað áður rekstur sambýla)

6.1.5. Nýr punktur

Tillaga um nýjum punkti: „Heimili fyrir börn með sólarhringsþjónustu“

6.2.1.

Tillaga að breytingu: „Skammtímadvöl og VISS, vinnu- og hæfingarstöð með útibú í Þorlákshöfn og á Flúðum með samningum þar um.

(í stað áður skammtí mavistun og VISS, vinnu- og hæfingarstöð)

8. Útgjöld

8.3.

Tillaga að breytingu: „Fasteignir sveitarfélaganna sem nýttar eru vegna þjónustu við fatlað fólk sem og tekjur og útgjöld vegna þeirra eru á forræði einstakra sveitarfélaga.

(Heimili fyrir börn með sólarhringsþjónustu er í eigu Bergrisans og ætti því að vera hér undir, í dag eru fasteignir sveitarfélaganna sem nýttar eru vegna þjónustu við fatlað fólk sem og tekjur og útgjöld vegna þeirra á forræði einstakra sveitarfélaga.)

Tillagan borin upp með breytingum í samræmi við umræður. Stjórn kannar hvort breytinga sé þörf á lið 8.3. til viðbótar við ofangreindar tillögur.

Samþykkt samhljóða.

8. Samningur um þjónustu Árborgar við Bergrisann bs. lagður fram til samþykktar. Síðast var samningurinn samþykktur á vörfundi 2016 fyrir árið 2016 og þarfnast því endurnýjunar.

Formaður fer yfir eftirfarandi tillögur stjórnar á breytingum samningsins;

1. Sérhæfð ráðgjöf

1.4. Fyrstu tveir liðir falla út samkvæmt samþykkt aðalfundar 2016 *(út fellur þjónusta starfsmanna vegna atvinnu með stuðningi í 20% starfshlutfalli og úthlutun styrkja skv. 27.gr. laga um málefni fatlaðs fólks en atvinna með stuðningi hefur verið flutt til Vinnumálastofnunar og í dag er heimildarákvæði um 27.gr. og hefur þjónustuvæðið ekki veitt slíka styrki í nokkur ár vegna skorts á fjármagni.)*

4. Rekstur sérhæfðra þjónustueininga

Tillaga að nýju orðalagi: „Sveitarfélagið Árborg annast rekstur eftirtalinna sérhæfðra þjónustueininga fyrir allt þjónustuvæðið: Skammtímadvöl, VISS, vinnu- og hæfingarstöð og heimili fyrir börn með sólarhringsþjónustu. Auk þess annast sveitarfélagið umsýslu vegna samninga um NPA og beingreiðslusamninga.“ *(áður var ekki talið upp heimili fyrir börn né umsýsla vegna samninga um NPA og beingreiðslusamninga.)*

5.1

Tillaga að nýju orðalagi: „launakostnaður ráðgjafabroskajálfa í einu stöðugildi og iðjuþjálfa í 20% stöðugildi, ásamt launatengdum gjöldum, aksturskostnaður og skrifstofukostnaður (kostnaður vegna vinnu notendaráðs hjá Fræðsluneti Suðurlands) kr. 15.018.000

(áður var ekki tilgreint stöðugildi ráðgjafabroskajálfa né iðjuþjálfa ... út fellur (laun starfsmanns AMS og starfsmanns notendaráðs 15.018.000 kr. – ekki er hægt að hafa upphæð í samningi þar sem hún tekur breytingum í fjárhagsáætlun hvert ár.)

(Fjárhæð þyrfti að uppreikna)

5.2.

(Fjárhæð þyrfti að uppreikna)

5.3.

Nýr punktur: Sveitarfélagið Árborg og Hrunamannahreppur gera með sér sérstakan samning um þjónustu við fatlað fólk um rekstur VISS, vinnu- og hæfingarstöðvar á Flúðum. Fagleg yfirstjórn verður á höndum VISS Selfossi. *(Við bætist útibúið á Flúðum en sama fyrirkomulag er þar og í útibúinu í Ölfusi þ.e. yfirstjórn er frá Árborg)*

Ný tillaga: þessi punktur verði sameinaður grein 5.3.

Tillögur samþykktar samhljóða.

- 9. Skýrsla Róberts Ragnarssonar – afstaða aðalfundar til frekari úrvinnslu tillagna**
Farið yfir tillögur í skýrslu RR sem áður hafa verið kynntar. Stjórn falið að vinna að tillögunum og leggja fram til aðalfundar.

Fundi slitið 11:23